



Ísafirði 23.04.2018

## Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða verður haldinn þriðjudaginn 8. maí n.k. í Vinnuveri, húsnæði SEV að Suðurgötu 9, Ísafirði. Fundurinn hefst með léttum hádegisverði kl. 12:00 og síðan stuttu erindi.

Að þessu sinni mun Helena Jónsdóttir skólastjóri Lýðháskólans á Flateyri halda erindi um lýðháskóla og starfsendurhæfingu.

Allir eru velkomnir í hádegisverðinn og til að hlusta á erindið.

Á eftir verða venjuleg ársfundarstörf. Rétt til fundarsetu á ársfundi hafa fulltrúar stofnaðila Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

Dagskrá ársfundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla forstöðumanns.
3. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
4. Kosning til stjórnar sbr. 4. gr.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Önnur mál.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Hörpu Lindar á netfangið [harpa@sev.is](mailto:harpa@sev.is) fyrir föstudaginn 4. maí n.k..

Með kveðju

F.h. Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Forstöðumaður SEV